

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 26. nóvember 2008 í máli nr. S-974/2008:

Ákærvaldið

(Kolbrún Benediktsdóttir fulltrúi)

gegn

Ólafi Kristjánssyni

Ár 2008, miðvikudaginn 26. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni, héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 974/2008: Ákærvaldið (Kolbrún Benediktsdóttir) gegn Ólafi Kristjánssyni (Kristján Stefánsson hrl.) sem tekið var til dóms hinn 24. nóvember sl. að lokinni aðalmeðferð.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 24. júlí sl. á hendur ákærða, Ólafi Kristjánssyni, kt. 000000-0000, Kleppsvegi 120, Reykjavík, “fyrir neðangreind hegningar- og umferðalagabrot:

1. Brot gegn valdstjórninni með því að hafa mánudaginn 3. september 2007, á Bústaðavegi til móts við Kringlumýrarbraut í Reykjavík slegið lögreglumanninn Baldur Ólafsson, sem þar var við skyldustörf, í andlitið með þeim afleiðingum að Baldur hlaut mar á hægri kinnbeini.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976, lög nr. 82/1998 og lög nr. 25/2007.

2. Umferðarlagabrot með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 26. janúar 2008, ekið biðreiðinni SZ-266 sviptur ökurétti um gatnamót Njarðargötu og Hringbrautar í Reykjavík.

3. Umferðalagabrot með því að hafa föstudaginn 7. mars 2008, ekið bifreiðinni KF-393 óskráðri, án lögboðinnar ábyrgðartryggingar og sviptur ökurétti

um Bústaðaveg og Kringlumýrarbraut í Reykjavík og að Ásbraut í Kópavogi.

Telst brot ákærða samkvæmt 2. ákærulið varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðalaga nr. 50/1987 með síðari breytingum. Teljast brot ákærða samkvæmt 3. ákærulið varða við 1. mgr. 63. gr., sbr. 1. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 751/2003, 1. mgr. 91. gr., sbr. 1. mgr. 93. gr. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar”.

Málavextir

1. ákæruliður:

Fyrir liggur að mánudaginn 3. september 2007 varð árekstur með bíl ákærða og á Bústaðavegi á móts við Kringlumýrarbraut. Lögreglumenn komu fljótlega á vettvang, einn á bifhjóli og svo skömmu seinna tveir í lögreglubíl. Urðu þar átök milli lögreglumannanna og ákærða. Í framglugga lögreglubílsins var vídeótökuvél sem vísaði fram og mátti þannig fylgjast með því sem gerðist fyrir framan hann. Uptaka úr vélinni fylgir máli þessu og má sjá að bíllinn nemur staðar fyrir aftan lögreglubifhjól sem er fyrir aftan bíl ákærða. Bifhjólamaðurinn stendur við hliðina á bíl ákærða, ökumannsmegin. Lögreglumenn þeir sem í bílnum voru sjást ganga að bíl ákærða og til hans. Ekki er að sjá að þeir beygi sig eða teygi inn í bíl ákærða en skyndilega sést mannvera skjótast eða stökkva aftur á bak út úr bíl ákærða og í fang lögreglumannanna sem virðast reyna að skorða mann þennan fram á við og beygja hann fram á við inn á bílpakið. Sést ákærði brjótast þar hart um og tekst honum að losa sig úr þessum skorðum. Verða við það hörð átök svo að lögreglumennirnir hrökklast aftur á bak og berst leikurinn út á akreinina við hliðina. Þar virðist maðurinn og einn lögreglumannanna lenda í götunni en hinir tveir sjást veita félagu sínum liðsinni. Að lokum drífur að fleiri lögreglumenn og maðurinn úr bílnum sést leiddur á brott.

Einn þeirra lögreglumanna sem í hlut áttu, Baldur Ólafsson, fór á slysadeild Fossvogsspítala og samkvæmt vottorði Ólafs Ragnars Ingimarssonar læknis þar var hann með mar yfir hægra kinnbeini. Kvaðst hann vera aumur þar undir og einnig kvartaði hann um eymsli á vinstra framhandlegg.

Verður nú gerð grein fyrir því sem fram hefur komið í aðalmeðferð málsins.

Ákærði neitar sök. Hann segist hafa lent í smávægilegum árekstri í umrætt sinn. Kveðst hann hafa farið úr bílnum og svo farið inn í hann aftur til þess að drepa á vélinni. Hafi þá lögreglumaður, sem hafði komið þarna að, sagt við hann og spurt hvað hann væri að gera en hann sagði sem var, að hann væri að fara til þess að “svissa af” bílnum og maðurinn skyldi “slappa af”. Hafi heill hópur af lögreglumönnum komið að og honum verið kippt út úr bílnum og hann laminn í köku. Hefði þetta ekki verið í fyrsta skipti sem hann fengi slíka meðferð. Neitar

hann því að hafa slegið lögreglumann þarna og neitar því að hann hafi reynt að losa sig úr tókum lögreglumannanna.

Hlynur Gíslason lögreglumaður hefur skýrt frá því að tilkynnt hefði verið um ölvaðan ökumann á bílnum sem um ræðir og væri hann á leið vestur Bústaðaveg. Kveðst hann hafa farið að svipast um eftir bílnum og hafa fundið hann fljótlega þar sem hann var kyrrstæður eftir árekstur. Ökumaðurinn, ákærði, hafi greinilega verið í annarlegu ástandi og talað mikið við sjálfan sig. Hafi ekki verið hægt að tala við hann og hann virst vera í öðrum heimi. Kveðst hann hafa álitnið manninn vera í einhvers konar vímu. Maðurinn hafi sest aftur í bílinn og farið að gramsa eitthvað og verið á hnjúnum að gramsa í hanskahólfinu í bílnum. Kveðst vitnið svo hafa beðið eftir liðsauka og þegar hann barst hafi maðurinn verið beðinn um að koma úr bílnum. Þegar því var ekki sinnt og náðist neitt samband við manninn hafi verið ákveðið að handtaka hann. Minnir vitnið að mannum hafi verið sagt að hann væri handtekinn. Hafi hann streist mjög á móti og hrakyrnt þau, lögreglumennina. Hafi hann barist á móti og í þeim átökum hafi gleraugun fokið af Baldri, félagi vitnisins, og hann sagst hafa verið kýldur eða eitthvað í þá veru. Vitnið kveðst ekki hafa séð það högg en séð hafi á andliti Baldurs eftir þetta. Að lokum hafi svo tekist að setja manninn í handjárn.

Baldur Ólafsson lögreglumaður hefur skýrt frá því að þegar þau Steinunn Sigmundsdóttir, starfssystir hans, komu að bílnum hafi ákærði verið í bílnum og annað hvort setið þar eða verið eitthvað að “bardúsa” þar eða róta til. Hafi hann verið beðinn um að koma út en þegar hann varð ekki við því hafi verið ákveðið að handtaka manninn og honum tilkynnt það. Hafi þeir tekið undir handleggina á honum og reynt að setja hann í járn. Hafi hann þá staðið í hurðarfalsinu og spyrnt sér frá og reynt að snúa sér við með því að hreyfa handleggina og þeir við það misst á honum tókin. Kveðst hann hafa misst af sér gleraugun og fengið smáhögg frá ákærða við þetta sem hafi valdið grunnu mari í andlitinu. Hafi þeir ákærði snúið hvor að öðrum og ákærði verið með frjálssa handleggina. Kveðst hann hafa náð að taka utan um manninn og setja hann í jörðina og þar hafi hann verið settur í járn með hjálp hinna tveggja. Hafi leikurinn borist við þetta yfir á næstu akrein.

Steinunn Sigurmundsdóttir lögreglumaður hefur skýrt frá því að ákærði hafi verið á hnjúnum í bílstjórasetinu að gramsa eitthvað á milli sætanna, þegar hún kom að bíl hans. Hafi hann sagst vera að leita að ökuskírteini sínu. Hafi þeir Baldur og Hlynur sagt mannum að koma út úr bílnum en hann ekki sinnt því. Skyndilega hafi hann stigið í hurðarfalsið og spyrnt sér frá bílnum og í fangið á þeim hinum svo að hann hafði nærri hrint þeim öllum um koll og yfir á akreinina við hliðina. Hafi þá orðið nokkur átök þar sem ákærði náði að slá gleraugun og húfuna af Baldri og hafi einnig komið höggi á andlit hans. Kveðst hún hafa séð roða í andliti Baldurs eftir höggið. Segir vitnið að ákærði hafi komið þessu höggi á Baldur eftir að þeir voru fallnir í jörðina eða í fallinu, enda hafi hann baðað út höndum og fótum. Hafi að lokum tekist að setja manninn í járn og hafi þurft mikil átök til þess, enda maðurinn algerlega trylltur.

Guðrún Birna Gylfadóttir, ökumaður bílsins sem ákærði ók aftan á, hefur skýrt frá því að hún hafi farið að bíl ákærða og þá séð að hann var á fjórum fótum inni í bílnum. Hafi hún yrt á hann og hann sagst vera að leita að einhverjum lyklum. Hafi hún þá sest inn í bíl sinn aftur en lögreglumaður á bifhjólum komið þarna fljótlega að. Hafi hann farið að bíl ákærða og spurt tvisvar eða þrisvar hvort

hann vildi ekki stíga út en þá hafi verið komnir fleiri lögreglumenn á vettvang. Maðurinn hafi ekki ansað þessum tilmælum og þetta hafi endað í miklum handalögmálum. Hafi maðurinn spyrnt á móti og fætur hans farið upp á bílinn og sýnt svo mikinn mótþróa að lögreglumennirnir virtust vera í vandræðum með hann.

Niðurstaða

Með framburðum vitnanna í málinu og myndskaiðinu sem liggur frammi í málinu telst sannað að ákærði veitti mikið viðnám þegar lögreglumennirnir reyndu að taka hann úr bílnum. Ber upptökunni og vitnisburði þeirra Baldurs, Steinunnar og Guðrúnar Birnu saman um það að hann hafi spyrnt sér frá bílnum og jafnframt ber lögreglumönnum saman um það að hann hafi baðað frá sér útlimunum. Telst vera sannað með framburði Baldurs og Steinunnar að Baldur fékk við það högg í andlitið frá ákærða. Af framburði vitnanna og myndskaiðinu verður ráðið með vissu að ákærði beitti ýtrustu kröftum þegar hann spyrnti sér frá bílnum og flaugst á við Baldur. Er það til marks um heiftina í atlögu ákærða, sem er lítill vexti, að hann hrakti lögreglumennina út á næstu göturein og hafði nærri fellt Baldur um koll, þótt hann sé afarmenni að burðum. Er ákærði sannur að broti gegn valdstjórninni, eins og því er lýst í 1. tl. ákærunnar og þeim refsíákvæðum sem tilfærð eru þar.

2. og 3. ákæruliður:

Ákærði hefur skýlaust játað þau brot sem hann er saksóttur fyrir í 2. og 3. tl. ákærunnar. Hefur hann orðið sekur um athæfi það sem þar er lýst og réttilega eru þar færð til refsíákvæða.

Refsing og sakarkostnaður

Ákærði á að baki talsverðan sakaferil. Frá árinu 1985 hefur hann hlotið átta fangelsisdóma fyrir ýmis konar brot, aðallega gegn almennum hegningarlögum, þar af einu sinni fyrir rán, árið 1997, en einnig fyrir umferðarlaga og fíkniefnabrot. Þá hefur hann verið sektaður þrisvar sinnum fyrir önnur brot, síðast 9. september í fyrra að hann var dæmdur í sekt fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 90 daga. Þar sem hegningarlagabrot ákærða nú er ekki ítrekun við síðasta dóminn, full 10 ár voru liðin frá síðasta dómi ákærða fyrir hegningarlagabrot og loks að lítill áverki hlaust af árás hans þykir mega ákveða að fangelsisrefsing ákærða verði skilorðsbundin og ákveða að hún falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Auk þessa ber að gera ákærða fésekt, 150.000 krónur og komi 12 daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Dæma ber ákærða til þess að greiða verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 150.000 krónur í málsvarnarlaun, sem dæmast með virðisaukaskatti.

Annar sakarkostnað, 23.200 krónur, ber að dæma ákærða til að greiða einnig.

DÓMSORÐ:

Ákærði, Ólafur Kristjánsson, sæti fangelsi í 90 daga. Frestað er því að framkvæma refsinguna og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu að telja, haldi ákærði almennt skilorð.

Ákærði greiði 150.000 krónur í sekt og komi 12 daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl. 150.000 krónur í málsvarnarlaun og greiði jafnframt 23.200 krónur í annan sakarkostnað.

Pétur Guðgeirsson.